

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

28. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 11. september 2020 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru:

Samúel Kristjánsson oddviti, Örn Elías Guðmundsson, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir og Ásgeir Hólm Agnarsson.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Mötuneytismál Súðavíkurskóla – erindi frá rekstraraðila.
3. Staða mála við Langeyri.
4. Fjárhagsauki vegna fjárgirðingar. Fyrri umræða.
5. Skipan í nefndir og félög Súðavíkurhrepps.
6. Fjármálaráðstefna 2020.
7. Raforkumál í Súðavíkurhreppi.
8. Samgöngur – Súðavíkurhlíð.

Afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Mötuneytismál Súðavíkurskóla – erindi frá rekstraraðila.
Sveitarstjórn óskar eftir fundi með rekstraraðila verslunar.
3. Staða mála við Langeyri.
Staðan kynnt – mæting á fund – Róbert Ragnarsson og Jóhann Birkir Helgason.
Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir með ráðgjafa.
4. Fjárhagsauki vegna fjárgirðingar. Fyrri umræða.
Samþykkt.
5. Skipan í nefndir og félög Súðavíkurhrepps.
Sveitarstjórn staðfestir skipan í nefnd sbr. fund dags. og verður Örn Elías Guðmundsson varamaður í stjórn Fasteignafélagsins Langeyrar ehf.
Nýr maður í stjórn Fasteignafélags Súðavíkurhrepps verður Samúel Kristjánsson.
6. Fjármálaráðstefna 2020.
Fundur tilnefnið Elsu G. Borgarsdóttur á Fjármálaráðstefnu 2020.
7. Raforkumál í Súðavíkurhreppi.
Eftirfarandi var ályktað á fundinum:
Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur á það áherslu að afhendingaröryggi raforku verði tryggt í sveitarfélaginu auk þess sem aðgengileg orka verði aukin þannig að unnt sé að stuðla að atvinnuþróun í sveitarfélaginu. Núverandi ástand mála er óviðunandi að mati sveitarstjórnar og leggur sveitarstjórn á það áherslu að tekin verði ákvörðun um uppbyggingu tengivirkja til Súðavíkur, hvort heldur með endurnýjun línu eða lagningu

strengs, enda stendur skortur á raforku og afhendingaröryggi atvinnu og byggðarþróun fyrir þrifum. Sveitarstjórn harmar sinnuleysi kjörinna fulltrúa í NV-kjördæmi varðandi raforkumál og afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Sveitarstjórn kallar eftir því að Orkubú Vestfjarða og Landsnet komi fram með raunhæfar úrbætur á dreifikerfi Vestfjarða sem er langt frá ásættanlegu ástandi þegar komið er að vetri 2020.


8. Samgöngur – Súðavíkurhlíð.

Ástand Súðavíkurhlíðar er dauðans alvara og áhugaleysi Samgönguráðherra og ráðamanna Vegagerðarinnar með öllu óskiljanlegt. Eftir yfir 40 lokanir og yfirlýst hættuástand Súðavíkurhlíðar síðastliðinn vetur tímabilið janúar til mars og úrræðaleysi vegna grjóthruns á hlíðinni í sumar er umfjöllun yfirmanna í Vegagerðinni um hættuleysi Súðavíkurhlíðar taktlaus. Þá bera greinarskrif forstöðumanns jarðgangnagerðar Vegagerðarinnar 7. desember 2019 á bb.is vott um skeytingarleysi um öryggi vegfarenda við Djúp og vekja furðu sveitarstjórnar og íbúa við Djúp. Vonir sveitarstjórnar standa til þess að áhugi kjörinna fulltrúa NV-kjördæmis á málinu vakni fyrir lok yfirstandandi þings.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:20

Elsa G. Borgarsdóttir




Örn Elfas Guðmundsson



Karl Guðmundur Kjartansson



Ásgeir Hólm Agnarsson



Samúel Kristjánsson oddviti

